

Komið sæl

Nú er desember að banka á dyr og erum við farin að undirbúa jólin hér í leikskólunum. Börnin eru byrjuð að útbúa gjöf handa foreldrum sínum, pakka inn og gera kort. Einnig hefur verið undirbúningur fyrir jólaföndrið, skógarferðina og jólasöngfundinn sem er nú í komandi viku.

Jólaföndrið verður miðvikudaginn 2. desember hjá Hólakoti og fimmtudaginn 3. desember hjá Skakkalandi frá 9-10:30. Á föstudeginum 4. desember er foreldrum barna á Skýjaborg boðið á jólasöngfund í sal klukkan 09:00, það er nýjung en ástæðan er að börnin eru mjög ung og vantar enn færni til að klippa, líma og fönndra.

Skógarferð verður hjá Kátakotsbörnum föstudaginn 4. desember og leggja þau af stað klukkan 09:00 í Bögg og fá þar heitt kakó og smákökur.

Jólaballið er á vegum foreldrafélagsins og verður haldið þann 9. desember í Bergi kl: 17:00. Vonandi komast sem flestir, jólasveinar kíkja í heimsókn og aldrei að vita nema þeir eigi eitthvað í pokahorninu. Börn frá Sólkoti mæta klukkan 16:30 ásamt foreldrum sínum og munu fara með jólasveinavísur, salurinn opnar strax að því loknu.

Annars ætlum við að njóta þess að vera til og skapa rólega jólastemningu á aðventunni fönndra, lesa jólasögur og syngja jólasöngva. Við ætlum að hafa jólamatinn þann 17. desember og er þá einnig rauður dagur og gaman ef sem flestir koma í einhverju rauðu eða jafnvel með jólahúfur. Foreldrafélagið mun einnig bjóða uppá leiksýningu þann dag svo ekki mun okkar leiðast.

Kata, deildarstjóri á Hólakoti fer í veikindaleyfi næstkomandi föstudag og er Þórdís orðin föst á Hólakoti. Drífa, leikskólastjóri verður yfir deildinni fram í mars eða þar til Anna Lauga kemur úr fæðingarorlofi.

Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri.



Matseðill í desember

Við hagræðum aðeins matseðlinum í desember.

Í Krílakoti

17. des verður jóla-hangikjöt með öllu tilheyrandi.

Í Kátakoti


17. des verður reykt svínakjöt, brúnaðar karftöflur og meðlæti.



Við erum dugleg að endurnýta efnivið í fönndur og fáum pappír frá fyrirtækjum sem nýtist okkur vel.

Grænfáninn

"Allt er vænt sem vel er grænt"



Foreldraráð 2015-2016

Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Freyr (Þórlaug Diljá)
Karl (Briet Þóra)
Gísli Rúnar (Alexandra og Rakel Erla)
Sunna (Úlfur og Álfgrímur)

Uppbyggingarstefnan

Áhrif



Tilheyra



Frelsi



Gleði



Öryggi



Foreldrar hafa verið að koma með myndir til að setja í myndahús eða tré sem börnin eru að útbúa með kennurum sínum. Myndirnar eru hluti af LAP verkefninu okkar og einnig uppbyggingarstefnunni þ.e. að safna saman myndum af þeim sem okkur eru kærast og veita okkur öryggi, að fá tækifæri til að sýna öðrum og segja frá hvað veitir öryggi og fá að hafa myndir af sínum nánustu til að skoða í dagsins amstri.

Við viljum biðja foreldra að hjálpa okkur að kenna börnunum regluna um að kennarastólar eru fyrir kennara.



Jólasveinar einn og átta.....

Eitthvað er á huldu hvað jólasveinarnir eru margir, allt frá níu og upp í þrettán. Við ætlum að ganga út frá að þeir séu þrettán og koma þeir af okkar bestu vitund í þessari röð ef þeir ruglast ekki í rýminu blessaðir sveinarnir.

Fyrsti jólasveinninn kemur aðfaranótt 12. desember

- 12. des. Stekkjastaur
- 13. des. Giljagaur
- 14. des. Stúfur
- 15. des. Þvörusleikir
- 16. des. Pottaskefill
- 17. des. Askasleikir
- 18. des. Hurðaskellir
- 19. des. Skyrgámur
- 20. des. Þjúgnakrækir
- 21. des. Gluggagægir
- 22. des. Gáttapefur.
- 23. des. Ketkrókur.
- 24. des. Kertasníkir.

Rauður dagur 17. desember

Má koma með jólahúfur

Sveinarnir eiga til að lauma einhverju í skó barnanna og byðjum við foreldra að geyma skógjafir heima.



Viðmiðunarregla sveitarfélagsins er að börn yngri en 11 ára eiga ekki að sækja börn í leikskólann og biðjum við ykkur að virða hana.

Umboðsmaður barna leggur til að sveitarfélög hafi ákveðnar reglur varðandi aldur barna sem mega sækja börn í leikskólann. Umboðsmaður barna segir að ekki sé rétt að leggja almennt þá ábyrgð á börn yngri en 12 ára að tryggja öryggi og velferð yngri barna á leið til og frá leikskóla en taka skuli tillit til aðstæðna á hverjum stað.



Foreldrafélag Krílakots og Kátakots Skólaárið 2015-2016

Harpa (Barri og Viggó)
Katla (Anton Andri og Arnór Atli)
Guðríður (Hákon Bragi)
Júlíana (Einar)
Elígunn (Írena Rut og Hilmir Þeyr)

Stöndum saman að velferð barna okkar

Kaffihúsaferð

Í desember hefur foreldrafélagið boðið börnunum upp á að fara í kaffihús.

Kátkot mun fara á Gísla, Eirík og Helga og eiga notalega stund með kennurunum sínum. Mánakot fer 8. desember og Sólkot 10. desember

Hólakot og Skakkaland munu heimsækja Pulu kaffihús og Skýjaborg fær ávextakörfu frá foreldrafélaginu.

Takk fyrir okkur foreldrar.

Vistunartími

Við viljum biðja foreldra að virða umsaminn vistunartíma.

Kærar þakkir

Breytingar á vistun

Ef foreldrar ætla að óska eftir breyttum vistunartíma þarf það að gerast með mánaðar fyrirvara og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Óskir um breytta vistun eru gerðar skriflega á þar til gerðum eyðublöðum.

Mengun og öryggi

Við viljum byðja foreldra að skilja bíla sína ekki í gangi fyrir utan leikskólana.

Einnig óskum við eftir að bílum sé ekki keyrt uppí stæðið hjá Kátakoti þó svo að blómakerin hafi verið fjarlægð. Við hvetjum foreldra til að leggja bílum handan götunnar eða fyrir framan stæðin eins og var gert.

Verum varkár og munum endurskinsmerkin.



Föt Föt Föt

Munið að merkja föt og skó barna ykkar vel. Við minnum á að í Krílakoti og Kátakoti eru 100 börn og erfitt fyrir starfsfólk að þekkja í sundur ómerkt föt. Það eru jú líkur á að þau tapist ef þau eru ómerkt.



Myndir úr leik og starfi



Bókasafnsferð



Bakstur fyrir jólin



Verið að vinna með Jóhann Svarfdæling



Útivera



Húsin máluð



Vinakort útbúin í vinavikunni



Heimsóttum Björgunarsveitina



Heimsóttum slökkviliðsstöðina



Leikur með fallhlíf

Fréttir af viðbyggingu við Krílakot

Nú er allt á fullu við Krílakot og er unnið hörðum höndum að uppbyggingu. Búið er að steypa þrjár hliðar og slá frá og nú er verið að setja hurð úr forstofu og út á lóð. Mikið verður gott að geta gengið beint út á lóð og sleppa við að ganga í gegnum Skakkaland. Markmiðið er að loka viðbyggingu fyrir áramót.

Hurðin sem snýr út að bílastæði er líka bráðabirgðahurð og verður henni skipt út á næstu dögum, fer eftir veðri. Þá þurfum við að byðja foreldra að ganga til liðs við okkur og koma með og sækja börnin í gegnum nýju hurðina sem snýr út í lóð í 1-2 daga. Þetta er smá rask en við munum undirbúa það vel, ryðja stíginn og gera greiðfæra gönguleið. Það verður sendur póstur þegar þessar framkvæmdir verða.